



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

TEIK2HH05 - námsáætlun (teikningar og verklýsingar í húsasmíði)

Kennari:	Ingvar Bjarnason (IB) ingvar@fsu.is
----------	-------------------------------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð megin áhersla á teikningalestur og teikningar bygginga og mannvirkja úr timbri og steinsteypu. Fengist er við aðaluppdrætti, séruppdrætti og burðarvirkisuppdrætti þar sem nemendur fá um leið að kynnst hvernig taka þarf tillit til ýmis konar álags við hönnun húsa. Fjallað er um algengar útfærslur burðarvirkja úr tré og steinsteypu, byggingatæknilegar lausnir, hönnunarforsendur, verklýsingar með tilliti til m.a. efniskrafna og einangrunar. Nemendur fá kynningu á mátkerfi fyrir byggingariðnaðinn.

Áfanginn er eingöngu ætlaður húsasmiðum og byggist kennslan aðallega á verkefnavinnu.

Undanfari: TEIK2HS05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- uppbyggingu timburhúsa og útfærslur einstakra byggingahluta þeirra
- ákvæðum reglugerðar um undirstöður mannvirkja
- grunnatriðum járnbindingar steinsteypu í undirstöðum, veggjum, plötum og stigum
- lestri teikninga og verklýsinga
- notkun tölvuteiknaðra uppdráttar og annarra hönnunargagna
- stöðluðum málum (stærðum) ýmissa byggingarhluta
- steinsteypuvirkjum og klæðningu steinsteyptra útveggja
- ákvæðum reglugerðar um undirstöður bygginga og mannvirkja
- ákvæðum reglugerðar um útveggi, klæðningar þeirra og einangrun
- grunnatriðum járnbindingar á steinsteypu og steinsteyptra stiga
- fagheitum í aðaluppdráttum, lóða- og burðarvirkisuppdráttum
- gerðum uppdráttar og teikninga og öllum almennum teiknitáknum
- teiknaðferðum og teiknireglum fyrir steypuvirki og klæðningar
- stöðluðum málum á steinveggjum, klæðningagrindum og einangrun
- notkun algengustu teikniforrita í tölvu við gerð og miðlun hönnunaruppdráttar

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- teikna og málsetja einfaldar gerðir timbur- og steinhúsa
- vinna eftir teikningum og verklýsingum
- vinna eftir reglugerðum
- nota algengustu teikniforrit í tölvu við gerð og miðlun hönnunaruppdráttar
- gera kostnaðarútreikninga og verklýsingar

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- lesa og vinna með teikningar af timburhúsum, steinsteypuvirkjum og klæðningum
- lesa og skilja merkingar og verklýsingar á teikningum
- gera efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli uppdráttar
- öðlast innsýn í tæknilegar útfærslur vegna loftunnar og einangrunar
- teikna einföld timburhús, steinsteypuvirki og klæðningar innanhúss og utan
- gera rissmyndir og eftir atvikum að nota fjarvídd til að sýna rýmisútfærslur
- gera vinnu- og deiliteikningar af steinsteypuvirkjum s.s. stigum
- vinna og hugsa sjálfstætt

Námsefni, teikniverkfæri o.fl.:

- Verkefnasafn fyrir fagteikningu í húsasmíði (e. Atla Már Óskarsson, þarf að kaupa!), Byggingareglugerðin, Rb-blöð, Sýnishorn teikninga af einbýlishúsi, Húsasmíði-timburhús e. Anders Fröstrup, Íslenskir staðlar, Aðgengi fyrir alla, ýmis teiknigögn o.fl.
- Nemendur teikna verkefni í teikniforritinu AutoCad sem eru í tölvum kennslustofunnar. Hægt að fá forritið frítt í eigin fartölvu hjá tölvuþjónustu skólans og teikna einnig heima. Nemendur mega einnig teikna verkefni á A2-blöð með teikniblýanti (2H-4H blýstyrk), á teikniborði með teiknivél og mælikvarða, kjósi þeir það.
- Námsáætlunin, verkefni áfangans, leiðbeiningar, aukaefni og fl. er aðgengilegt á síðu áfangans í Innu. Einnig geta nemendur fengið afhent ljósrit af teikniverkefnunum í tímum.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Nr.	Teikniverkefni annarinnar (eru samtals 11) og áætlaðir skilafrestir.
2-3	1	Sumarhús úr timbri, grunnmynd (skilafrestur 21. janúar)
4-5	2	Sumarhúsið, undirstöður, dregarar, gólfbitar, snið (deili 2) (skilafr. 1. febrúar)
6-7	3	Sumarhúsið, snið og útlit (skilafr. 15. febrúar)
8-9	4	Sumarhúsið, veggjagrindur, skýringar (skilafr. 26. febrúar)
9-10	5	Sumarhúsið, sperruplan, útlit af sperrum (skilafr. 8. mars)
11-12	6	Þakfrágangur á timburhúsi, lóðr. snið í langhlið útveggjar/þakbrún (deili 1) (skilafr. 22. mars)
13	7	Láréttur skurður í timburútvegg (skilafr. 29. mars)
14		Þáskafri
15	8	Steypt íbúðarhús (Grunnmynd, snið) (skilafr. 12. apríl)
16-17	9	Steypt íbúðarhús (snið, járnþending sökkuls-plötu-útveggjar) (skilafr. 22. apríl)
18	10	Lóðrétt sneiðing í steyptan útvegg og þakbrún (skilafr. 26. apríl)
19-20	11	Lóðrétt sneiðing í steyptan gaflútvegg og þakbrún (12. maí)

Sé verkefni skilað of seint getur það haft áhrif á einkunnina fyrir það, til lækkunar.

Skilafrestur á skriflega verkefninu er 12. maí.

Loka skilafrestur á verkefni/verkefnum er 15. maí og verður ekki tekið við verkefnum eftir þann tíma.

Námsmat:

Ekki er gert ráð fyrir lokaprófi í áfanganum heldur verður námsmatið eftirfarandi:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Teikniverkefni (alls 11 stk)	Nákvæmni, málsetning, texti, merkingar, frágangur og afköst (öll verkefni hafa sama vægi)	85%
Mæting/virkni	Mæting og virkni í kennslutímum	10%
Skriflegt verkefni	Spurningar úr efnisatriðum og kjarnahugtökum	5%
Samtals	Vetrareinkunn (lokaeinkunn)	100%

Ekki er skilaskylda á öllum verkefnum en **skila þarf lágmark 9 teikniverkefnum með fullnægjandi hætti**. Fyrir þau verkefni sem ekki er skilað er gefin einkunnin núll sem reiknast með í lokaeinkunninni.

Sérreglur áfangans:

Teikniverkefnið skv. yfirferðaráætluninni hér fyrir ofan teikna nemendur í skólanum og/eða heima. Það tekur ca. 1 til 2 vikur að teikna hverja teikningu og skulu nemendur síðan senda kennara þær **fullkláraðar í tölvupósti** á netfangið ingvar@fsu.is. **Nauðsynlegt er að senda verkefnið bæði á dwg- og pdf-formi.** Sérstök áhersla er lögð á **vandvirkni, nákvæmni og öguð vinnubrögð** nemanda við frágang teikninga og miðast matið fyrir þau m.a. af þessum atriðum. Mikilvægt er að nemendur haldi sig við yfirferðaráætlunina því vinnuhraðinn hefur áhrif á einkunnagjöfina fyrir teikniverkefnið. Í einhverjum tilfellum má gera ráð fyrir heimavinnu í áfanganum og þá þurfa viðkomandi nemendur að vera með AutoCad-forritið í eigin tölvum.

Dreifnámsnemendur: Nemendur (20 ára eða eldri) sem óska eftir því að vera utanskóla í áfanganum vegna vinnu þurfa að ræða við kennara áfangans í upphafi annarinnar (skv. reglum skólans) og gera við hann **formlegan skriflegan samning um mætingu, verkefnaskil og annað er kennari telur að skipti máli**. Skil á verkefnum þarf að vera skv. skilafrestum sem koma fram á yfirferðaráætluninni. **Mæting hjá dreifnámsnemendum þarf að vera lágmark 1 tvöfaldur tími 3ju hverja viku til að sleppa við könnunarpróf í lok annarinnar (á námsmatsdögunum).** Standi nemandi ekki við dreifnámssamninginn (skilafrestir og mæting) þá getur hann átt á hættu að detta út úr áfanganum á önninni án fyrirvara og fá falleinkunn.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar.

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. **Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.**

Séu tveir nemendur eða fleiri staðnir að því að skila kennara sama teikniverkefni eða verkefni sem hefur verið skilað áður (skiptir engu máli þótt málsetningin eða uppsetningin sé ólík) þá fá þeir báðir/allir núll fyrir það verkefni og þurfa að taka próf í stað þess verkefnis, í lok annarinnar. Sé þetta gert oftar en einu sinni eiga viðkomandi nemendur á hættu að falla í áfanganum.

Nemendur sem taka könnunarpróf verða að fá lágmark einkunnina 4,5 í því til standast áfangann. Könnunarprófseinkunnin er ekki hluti af lokaeinkunninni.

Námsáætlunin er sett fram með fyrirvara um breytingar.

FSu. 7. janúar 2026

Kennari: Ingvar Bjarnason